

BÍLAR OG HJÓL

- Í SÁTT OG SAMLYNDI

Reiðhjól eru ökutæki og hafa sama rétt til að vera á götunum og bílar.

Varúð við framúrakstur

Þegar ekið er framúr hjólaðamanni á að vera minnst 1 m bil frá spegli á bíl að stýrisenda á reiðhjól. Á venjulegri íslenskrí 3,5 m breiðri akbraut þarf bíll að fara yfir akbrautarlínu/miðlínu til að gefa nægjanlegt bil við framúrakstur.

Best er að slá af hraða og færa sig tímanlega út til að gefa bílstjórum fyrir aftan tækifæri til að sjá hjólaðamann. Ekki á að flauta við framúrakstur.

Hjólavísar

Hjólavísar leiðbeina hjólaðafólki um staðsetningu og minna bílstjóra á að þeir deila götunni með öðrum

Víkjandi staða – framúrakstur mögulegur

Hjólaðafólk tekur sér víkjandi stöðu um 1 m hægra megin við umferðarstraum á akrein og ekki nær vegbrún en 0,5 m til að tryggja öryggi sitt á akbrautinni til að geta forðast bíla sem fara of nálægt þeim eða fyrirstöður sem oft eru við vegbrúnina, til dæmis glerbrot, niðurföll, holur og steina.


Ríkjandi staða – framúrakstur ómögulegur

Hjólaðafólk tekur sér ríkjandi stöðu á miðri akrein til að tryggja öryggi sitt þegar aðstæður leyfa ekki framúrakstur til dæmis vegna þrengsla. Einnig er ríkjandi staða til að tryggja sýnileika hjólaðamanns við gatnamót og til að hann hafi betri yfirsýn.

Gefið hjólaðafólki pláss

Hjólaðafólk þarf sitt pláss á götunni líkt og aðrir ökumenn. Ef farið er of nálægt aftan frá eða frá hlið er það óþægilegt og skapar hættu ef eitthvað kemur upp á.

Hjólaðafólk þarf oft að víkja skyndilega frá fyrirstöðu sem er á götunni og getur þá þurft að beygja skyndilega eða bremsa.



Rétt - Rangt



Hjólavísir



Víkjandi staða



Ríkjandi staða



Algjört lágmark 1m. milli stýris og spegils

Takmarkið hraða

Hjólaðafólki stafar ógn af miklum hraða bíla og skyndilegri hraðaukningu.

Takmarkið hraða og akið á jöfnum hraða.

Varúð við gatnamót

Bílstjórar sjá hjólaðamenn og vélhjólamenn síður en bíla við gatnamót. Venjið ykkur á að líta eftir öllum ökutækjum við gatnamót.

Lítið einnig á gangstéttina beggja vegna áður en beygt er, þar gæti verið barn á hjóli. Flýtið ykkur hægt um gatnamót.

Athugið blinda blettinn

Þegar horft er í baksýnispegil er oftast blindur blettur þar sem hlutir sjást ekki.

Gætið að hjólaðamönnum hægra megin við ykkur þegar þið takið hægri beygju.

Varúð þegar bílhurð er opnuð

Þegar bíl er lagt í staði í götu og hurðin er opnuð þarf að líta í baksýnispegilinn og yfir öxlina og gæta að því að enginn sé að koma.

Varúð við innkeyrslur

Þegar ekið er úr innkeyrslu þarf að passa að engin umferð sé á gangstétt og á götu áður en farið er út. Stöðva þarf við gangstéttarbrún og líta til beggja hliða og fara varlega yfir.

Hugið að börnum

Börn hjóla oft eftir gangstéttum og gæta ekki að hraða hjólsins við innkeyrslur. Þau geta þegar minnst varir sveigt yfir götu.

Lærið að þekkja hvar búast má við börnum úti á götu og gætið sérstaklega að þar sem stígar þvera götu. Akið gætilega.

Leggið löglega

Þegar bílum er lagt ólöglega upp á gangstétt, við gangbraut eða á stíg eða annars staðar þar sem gangandi og hjólandi eiga leið um, skapar það hættu og hindrar för.

Arni Davíðsson, hjólafernikennari.

